



420. Stjórnarfundur haldinn 14. nóv. 2013 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson, (PMK)
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).
Fjarverandi Sveinn Adolfsson (SA) og Guðjón Axelsson (GA)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍRB. Jón Júlíus Árnason hefur verið ráðin til starfa tímabundið í sérverkefni „*draga fram umfang íþróttastarfs í Reykjanesbæ síðustu ár*“.

Bréf frá UMFÍ v/tilnefningar í nefndir UMFÍ. *EH bíður sig fram í Felixnefnd og NSU.*

Bréf frá UMFÍ v/afnota af frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. *Búið að setja á heimasíðu félagsins.*
Skinfaxi

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur.

Tvær umsóknir eru um að bera út jólblað félagsins annars vegar frá sunddeild og hins vegar frá fimleikadeild. Skila átti inn greinum 13. nóvember. Ein deild hefur skilað inn grein og myndum. KG kom inn á hvort ekki þyrfti að ráða aðila til að skrifa í jólblaðið, taka viðtöl ásamt fréttum af deildum félagsins.

Sunddeild og fimleikadeild falið að sjá um útburð á blaðinu.

5. Hringbraut 108.

EH sagði frá því að Guðbjörg Jónsdóttir hefði áhuga á að mála innandyra og kostnaður af því færi upp í leigu. *Guðbjörgu er heimilt að mála á sinn kostnað í samráði við framkvæmdastjóra. Aðalstjórn er tilbúin til að hlutast til um að útvega efni á hagstæðu verði.*

5. Önnur mál.

Þorsteinn Magnússon formaður og Matthías Magnússon gjaldkeri knattspyrnudeildar Keflavíkur mættu í upphafi fundar. EH bauð þá félagar velkomna til fundarins. Erindið var málefni kvennaknattspyrnunnar. Þorsteinn skýrði frá stöðu mála. Búið að senda erindi til bæjarins. Hafður er sérrekstur um mfl.kvenna. Fleiri stúlkur eru nú að æfa hjá deildinni en áður. Rætt var um fjármál og stöðu deildarinnar. Nýtt kvennaráð hefur verið stofnað. Komnir eru sex einstaklingar í ráðið sem á eftir að stækka meir.

Ákveðið að formaður og gjaldkeri Keflavíkur eigi fund með formanni og gjaldkera knattspyrnudeildar í janúar á nýju ári til að fara yfir mál kvennaboltans. EH þakkaði þeim fyrir komuna.

EH sagði frá fundi í framtíðarnefnd sem haldinn var 5. nóvember.

KG sagði frá samtali sem hann átti við forstöðumann íþróttahússins vegna afnota af herbergi á neðri hæð í suðurenda íþróttahússins. Félaginu væri heimilt að setja upp hillur í hluta herbergisins og nota það undir bikara.

Næsti fundur er á fimmtudaginn 30. nóv.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:05

Fundinn ritaði SG

